

Nd.

88. Tillaga

til þál. um endurskoðun á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá allsherjarnefnd.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frv. til laga um breyt. á lögum um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og séu ákvæði þeirra laga samræmd ákvæðum laga um kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd hefði kosið að leysa það verk af hendi þegar á þessu þingi, sem farið er fram á að fela stjórninni með þessari þingsályktunartillögu. En við nánari athugun reynist það meira verk en svo, að unnt sé að ljúka því á þeim stutta tíma, sem gera má ráð fyrir, að þingið standi. Frv. það um breytingar á þessum lögum, sem nefndin hefir afgreitt og leggur áherzlu á, að nái fram að ganga nú þegar, nær aðeins til þess, að kjósendur til sveitar- og bæjarstjórna öðlist þær réttarbætur, sem hin nýja stjórnarskárþreying veitir alþingiskjósendum, og er ósæmlegt, að bið verði á því. Hitt má fremur biða næsta þings, að samræma ákvæðin að öðru leyti, svo sem um kosningaundirbúning og alla kosningatilhögun, sem þó er nauðsynlegt að gera og yrði til mikils hagræðis kjósendum í landinu. Helzt ættu hin endurskoðuðu kosningalög í málefnum sveita og kaupstaða að vera í kosningahandbók þeirri, sem gert er ráð fyrir, að kjörstjórnir og aðrir hlutaðeigendur hafi sér til leiðbeiningar við alþingiskosningar, og mætti draga um sinn að gefa þá bók út, en hjargast við einfaldar sérprentanir kosningalaganna við næstu alþingiskosningar.

Nefndin telur sjálfsagt, að rýmkuð verði ákvæðin um hlutfallskosningar í málefnum sveita og kaupstaða, og séu þær ekki eingöngu fyrirskipaðar í kaupstöðum, heldur og í öllum stærri þorpum, en heimilaðar sem frjálsgast annarsstaðar.

Loks vill nefndin benda á, að ákjósanlegt væri, að löggjöf þessi yrði undirbúin af fulltrúum frá öllum flokkum, á svipaðan hátt og lögin um kosningar til Alþingis.